



# Stefna Þróunarfélags Grundartanga

2018 - 2023

—

Ágúst 2018



# Um verkefnið

## Vinnuferlið

Stefnumótun Próunarfélags Grundartanga hófst í upphafi ársins 2018 í kjölfar sviðsmyndavinnu sem unnin var fyrir svæðið. Verkefnið hófst með viðtölum við lykilaðila sem tengjast starfseminni á Grundartanga. Stefnumótunarfundur var haldinn 14. mars 2018 með breiðri þátttöku sveitarstjórnarmanna, fulltrúa fyrirtækja á svæðinu og annarra tengdra aðila undir stjórn KPMG. Stýrihópur fundaði nokkrum sinnum á tímabilinu til þess að vinna úr niðurstöðum og móta endanlega stefnu félagsins. Að lokum var vinnan hnýtt saman í þessa skýrslu sem greinir frá helstu niðurstöðum.

## Stýrihóp skipuðu eftirtaldir:

Björgvin Helgason, oddviti Hvalfjarðarsveitar

Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna

Guðjón Steindórsson, framkvæmdastjóri Próunarfélags Grundartanga

Ólafur Adolfsson, formaður bæjarráðs Akraneskaupstaðar

## Tengiliðir KPMG

Sævar Kristinsson verkefnastjóri [skristinsson@kpmg.is](mailto:skristinsson@kpmg.is)

Stefán Þór Helgason sérfræðingur, [shelgason@kpmg.is](mailto:shelgason@kpmg.is)

Benedikt K. Magnússon, sviðsstjóri, [bmagnusson@kpmg.is](mailto:bmagnusson@kpmg.is)

## Fyrirvari

Samantekt þessi inniheldur niðurstöður stefnumótunar Próunarfélags Grundartanga. Framkvæmd vinnunnar og áhersluatriði eru í samræmi við samning KPMG við Próunarfélag Grundartanga. Vinnan er m.a. byggð á upplýsingum frá stýrihóp, forsvarsmönnum fyrirtækja svæðinu og fulltrúa opinberra stofnana. Jafnframt aflaði KPMG upplýsinga úr ýmsum opinberum skýrslum og fræðigreinum. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram. Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi. KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er á höndum Próunarfélagsins eða annarra aðila er að málinu kunna að koma.

# Ávarp stjórnarformanns

Þróunarfélag Grundartanga var stofnað 7. júlí 2016 en stofnaðilar voru Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Faxaflóahafnir sf., Hvalfjarðarsveit, Reykjavíkurborg og Skorradalshreppur. Félagið er ungt, hefur aðeins starfað í rétt tæp tvö ár. Sá tími sem nú er liðinn frá stofnun hefur verið nýttur til að ná saman lykilaðilum á svæðinu til þess að móta framtíðarsýn og stefnu fyrir svæðið og starfsemi þróunarfélagsins.

Sumarið 2017 var ákveðið að ráðast í gerð sviðsmynda um framtíð svæðisins til ársins 2040 og ráðgjafarfirmakerfið KPMG fengið til að stýra því verki. Sviðsmyndirnar voru mótaðar þá um haustið með þátttöku fjölda ólíkra hag- og hagsmunaaðila, stofnana, fyrirtækja og nálægra sveitarfélaga auk fulltrúa orkufyrirtækja, skipafélaga og fjármálastofnana svo dæmi séu tekin. Sviðsmyndirnar gefa okkur hugmyndir um það hvernig framtíðin kann að þróast og eru gott innlegg inn í áframhaldandi starf félagsins.

Skömmu eftir síðustu áramót var svo ákveðið að hefjast handa við stefnumótun þróunarfélagsins með þátttöku lykilaðila á svæðinu. Niðurstöður þeirrar vinnu má sjá í þessu skjali. Þar gefur að líta metnaðarfulla stefnu til ársins 2023 með skýrum markmiðum og aðgerðum til að fylgja þeim eftir.

Fyrir hönd stjórnar Þróunarfélags Grundartanga vil ég þakka öllum þeim fjölmörgu aðilum sem komu að gerð þessarar stefnu fyrir óeigingjarnt og gott starf. Það er von okkar í stjórn félagsins að starf þess verði markvisst og árangursríkt en stefna sú sem hér birtist endurspeglar þann eindregna vilja okkar.

21. ágúst 2018

Björgvin Helgason  
Stjórnarformaður Þróunarfélags Grundartanga

# Inngangur

## Atvinnusvæðið á Grundartanga

Þróunarfélag Grundartanga ehf. var stofnað 7. júlí 2016. Stofnaðilar voru Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Skorradalshreppur, Akraneskaupstaður, Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir. Stofnun félagsins hafði legið í loftinu í töluverðan tíma en viljayfirlýsing um stofnun félagsins var undirrituð í nóvember 2014. Þróunarfélag Grundartanga er sjálfstætt þróunarfélag sem á að sameina krafta sveitarfélaga, Faxaflóahafna og fyrirtækja á atvinnusvæðinu m.a. til að mynda eitt, öflugt atvinnusóknarsvæði.

Grundartangi er vaxandi iðnaðarþyrping í Hvalfjarðarsveit við utan- og norðanverðan Hvalfjörð. Staðurinn fær nafn sinn af klettadranga sem skagar út í fjörðinn en er nú undir landfyllingu.

Á Grundartanga starfa um 20 stór og smá iðn- og þjónustufyrirtæki. Stærst þeirra eru Norðurál og Elkem Ísland. Samtals vinna um 1.100 manns á svæðinu að jafnaði. Því til viðbótar hafa um 1.000 manns atvinnu af þjónustu sem tengist starfseminni með óbeinum hætti. Þannig má rekja um 2.100 störf beint eða óbeint til starfseminnar á Grundartanga.

Álver Norðuráls á Grundartanga tók til starfa árið 1998. Norðurál er stærsti vinnustaður Vesturlands en þar eru nú um 580 stöðugildi.

Járblendisverksmiðja Elkem Ísland tók til starfa árið 1979 og er hún nú næststærsti framleiðandi kísiljárns í heiminum. Stöðugildi þar eru nú 225. Önnur fyrirtæki á svæðinu eru samtals með tæplega 300 stöðugildi.

Hafnargerð við Grundartanga hófst árið 1977 og er höfnin þar nú á meðal stærstu hafna landsins. Að Grundartanga koma um 300 - 350 skip á ári og sum þeirra býsna stór (þau sem losa súrál til Norðuráls), en Eimskip og Samskip hafa einnig fastar viðkomur til hafnarinnar. Flutningar um Grundartangahöfn á árinu 2017 voru um 40.000 TEU (gámaeiningar) eða um 2 milljónir tonna. Hafnarmannvirkin á Grundartanga eru alls um 850 metra að lengd og dýpi 7,5 - 14 metrar.

Kostir Grundartanga sem atvinnusvæðis byggjast einkum á:

- Landgæðum
- Sterkum tengingum við raforkukerfið
- Góðri hafnaraðstöðu sem auðvelt er að stækka

# Framtíðarsýn til 2023

Grundartangasvæðið laðar að sér fjölbreytt og öflug fyrirtæki sem nýta sér hafnarmannvirki og leiða til gróskumikillar framleiðslu- og þjónustustarfsemi. Svæðið er uppspretta og vettvangur nýsköpunar.

# Samantekt stefnunnar

## Þróunarfélag Grundartanga til 2023

Þróunarfélag Grundartanga hefur sett sér metnaðarfulla stefnu til ársins 2023. Helstu áherslurætti í stefnunni eru innviðir, umhverfismál, ímyndarmál, nýsköpun- og þróunarverkefni, klasasamstarf og öryggismál.

Stefnan felst í stórum dráttum í því að svæðið sé fyrirmynd annarra iðnaðarsvæða á landinu og laði til sín fjölbreytta, metnaðarfulla og blómlega atvinnustarfsemi. Umhverfismál á svæðinu séu í takt við það besta sem gerist á heimsvísu og innviðir Grundartangasvæðisins styðji við og laði að fjölbreytta atvinnustarfsemi með lágmarks umhverfisáhrif. Þá verði svæðið þekkt fyrir nýsköpun og þróun á þeim sviðum sem tengjast atvinnustarfseminni og þar verði starfræktir samstarfsklasur fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga til að efla sérþekkingu og þróun á svæðinu. Sérstök áhersla er lögð á öryggismál í stefnunni en starfsmenn og gestir svæðisins eiga að geta treyst því að öryggismál svæðisins séu ávalt til fyrirmyndar.

Í þessu skjali er einnig farið yfir helstu markmið og aðgerðir sem ráðist verður í til að ná settu marki.



# Stefnumótun í kjölfar sviðsmyndagerðar

## Um sviðsmyndir

Haustið 2017 var ráðist í gerð sviðsmynda fyrir atvinnusvæðið á Grundartanga til ársins 2040. Fjöldmargir hag- og hagsmunaaðilar komu að gerð þeirra á vinnufundum, í viðtölum og öðru samstarfi. Sviðsmyndirnar lýsa mögulegri stöðu á Grundartanga árið 2040 og hvernig atvinnu- og mannlíf hefur þróast fram að því. Sviðsmyndagreining er leið til þess að sjá fyrir um hvernig framtíðin getur þróast. Hún er tilraun sem ætlað er að skilgreina drifkraftana sem eru líklegir til þess að móta framtíð svæðisins og kanna hvaða áhrif þróun þeirra mun hafa á starfsumhverfið.

Frekar en að skoða línulega þróun út frá sögulegum staðreyndum segir sviðsmyndagreining mismunandi sögur um líklegt eða mögulegt framtíðarstarfsumhverfi.

Stefna Þróunarfélags Grundartanga tekur mið af þeim ólíku sviðsmyndum sem orðið geta uppi. Þróunarfélagið er því betur í stakk búið til að takast á við breytingar í starfsumhverfi sínu og hefur sett sér stefnu sem tekur tillit til óvissrar framtíðar.



Fjórar sviðsmyndir voru myndaðar haustið 2017 en þar hafa samkeppnishæfni og viðhorf atvinnustarfseminnar á Grundartanga mikil áhrif. Hver sviðsmynd lýsir mögulegu starfsumhverfi atvinnusvæðisins á Grundartanga árið 2040.



# Stöðugreining

## Orkumál og almenn samkeppnishæfni

Í dag er raforka í boði fyrir þá starfsemi sem er á Grundartanga. Einstök fyrirtæki gera sjálf langtíma raforkusamninga við orkufyrirtækin. Ekki er hitaveita á svæðinu en hugmyndir eru uppi um að nýta þann glatvarma sem fellur til á svæðinu m.a. í þeim tilgangi. Aukinni vatnsnotkun til kælingar eru takmörk sett en möguleikar felast í betri nýtingu á því kalda vatni sem til er og öðrum valkostum.

Gott framboð af mannauði er til staðar þó fjölga mætti tækni- og iðnmenntuðu fólki. Þá hafa Norðurál og Elkem boðið starfsmönnum upp á farþegaflutninga frá Reykjavík og Akranesi á Grundartanga. Nægt landrými er til staðar og góð hafnaraðstaða, bæði fyrir núverandi starfsemi og uppbyggingu á komandi árum.

Hvalfjarðargöng breyttu miklu fyrir atvinnusvæðið á Grundartanga á sínum tíma en verkefni í átt til betri samgangna eru framundan. Á það m.a. við um tvöföldun Vesturlandsvegur og vegtengingar við svæðið auk almenningsamgangna.

## Tækniþróun og nýsköpun

Tæknibreytingum og þróun á flestum sviðum hefur fleygt fram á undanförunum árum. Fjórða iðnbyltingin stendur yfir og með henni er ljóst að vinnumarkaður og daglegt líf munu taka miklum breytingum.

Stóru fyrirtækin á Grundartanga líta á þessa þróun sem tækifæri. Norðurál sér t.a.m. fram á að geta aukið framleiðslu sína á hagkvæman hátt með því að nýta tæknina enn betur en gert er í dag.

Margvísleg þróunarverkefni hafa verið starfrækt á svæðinu í gegnum tíðina. Eitt af þeim verkefnum sem hefur verið í gangi að undanförunu er í tengslum við nýstárlegar aðferðir við að nýta betur aukaafurðir sem falla til við framleiðslu Elkem. Um er að ræða fullkomlega nýtanleg efni sem í upphafi eru of fingerð til að hægt sé að endurnýta þau í framleiðsluna án tæknilegra vandræða. Lausnin felst í því að beita svokallaðri „köggulun“. Hún felur í sér jákvæð umhverfis- og fjárhagsáhrif þar sem nýting eykst til muna. Efni sem áður höfðu lítið sem ekkert notagildi eru nú nýtt í hráefnaköggla sem búnir eru til í samstarfi við Steypustöðina, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og fyrirtækið Gerosion.



# Stöðugreining

## Atvinnu og íbúapróun


Stöðugleiki hefur verið í atvinnumálum á svæðinu undanfarin ár. Sem dæmi má nefna að stóru atvinnuveitendurnir tveir á Grundartanga (Elkem og Norðurál) sögðu ekki upp neinum starfsmönnum í tengslum við efnahagshrunið 2008.

Í nágrannasveitarfélögunum hefur fjöldi íbúa aukist mest á Akranesi eða um tæplega 1.300 manns frá árinu 2007. Á sama tíma hefur íbúafjöldi í Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit staðið nokkurn veginn í stað. Í Kjósarhreppi hefur fjölgað um 39 íbúa á tímabilinu sem er hlutfallslega hátt (tæp 22%). Vegna þeirrar íbúafjölgunar sem orðið hefur á svæðinu má segja að tækifæri hafi skapast til aukinnar atvinnuþróunar.


Sterk tengsl eru á milli starfseminnar á Grundartanga og sveitarfélaganna í kring. Þannig hafa rúmlega 70% starfsmanna á Grundartanga búsetu á Akranesi, í Hvalfjarðarsveit eða í Borgarbyggð en tæplega 30% hafa búsetu á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar á landinu.

Þó nokkur áhugi hefur verið á uppbyggingu á Grundartangasvæðinu og margar hugmyndir hafa skotið upp kollinum á undanförunum misserum.

Íbúafjöldi í Akraneskaupstað og Borgarbyggð



Íbúafjöldi í Hvalfjarðarsveit og Kjósarhreppi



# Stöðugreining

## Innviðir

Nauðsynlegir innviðir eru til staðar á Grundartanga s.s. raforkutengingar og hafnaraðstaða. Þar er þó ekki hitaveita né þjónustumiðstöð.

Ljósleiðaratengingar eru til staðar á svæðinu og því aðgengilegt að setja upp starfsemi sem þarfnast öflugra nettenginga.

Auðvelt er að stækka við hafnarmannvirki og lengja hafnarbakkann. Núverandi hafnarbakkar eru alls 849 metrar og mögulegt er að lengja þá um allt að 700 metra. Aðstaðan annar eftirspurn í dag og möguleikar til framþróunar eru góðir.

## Mannauður

Undanfarna áratugi hefur byggst upp mikill mannauður á svæðinu hjá þeim fyrirtækjum sem þar starfa. Flestir vinna sérhæfð störf sem krefjast talsverðar þekkingar. Því hefur verið lögð áhersla á sí- og endurmenntun og t.a.m. geta starfsmenn Elkem og Norðuráls sótt sérstakan stóriðjuskóla til að bæta við sig þekkingu.

## Viðhorf almennings og stjórnvalda

Aukin umhverfisvitund fólks gerir það að verkum að það gerir meiri kröfur. Umhverfismál hafa verið mikið til umræðu og í kjölfar þeirra hafa m.a. verið teknar ákvarðanir um að starfsemin á Grundartanga hafi eins lítil umhverfisáhrif og kostur er. Ljós- og hávaðamengun hefur verið nefnd sem og ýmiskonar önnur mengun eftir atvikum. Skiptar skoðanir hafa verið um framkvæmd umhverfisvöktunar á svæðinu, án þess að niðurstöður mælinga hafi almennt verið dregnar í efa.

Stjórnvöld hafa horft til þess hversu atvinnu- og gjaldeyrisskapandi starfsemin er. Ríkar kröfur til umhverfismála eru gerðar af stjórnvöldum um þá starfsemi sem er á svæðinu.

# Stöðugreining

## Umhverfismál

Leiðandi fyrirtæki á svæðinu leggja metnað sinn í að starfsemi þeirra sé í sátt við umhverfi sitt og nánasta samfélag. Bæði Norðurál og Elkem hafa þá stefnu að draga úr eða lágmarka umhverfisáhrif með ábyrgri nýtingu orku og hráefna, með því að lágmarka losun út í andrúmsloftið og auka endurnýtingu og ábyrga förgun.

Nánasta umhverfi Grundartanga er eitt best umhverfisvakaða svæði á Íslandi. Óháðir aðilar hafa eftirlit með 109 mælipáttum á svæðinu í því skyni að fylgjast með umhverfisáhrifum og að starfsemin standist ákvæði laga og reglna.

Þá er unnið að því í dag að auka endurvinnslu á svæðinu og nýtingu auðlindastrauma sem falla til, t.d. með nýtingu glatvarma.

Á undanförunum árum hafa stór skref verið stigin í þá átt að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar. Þar má meðal annars nefna breytingar á lýsingu til að draga úr ljósmengun og uppsetningu búnaðar sem dregur stórlega úr hljóðmengun. Þá hefur verið unnið að því að draga úr rykmyndun vegna starfseminnar og úr losun koltvísýrings (CO<sup>2</sup>) út í andrúmsloftið.



# Atvinnusvæðið við Grundartanga






# Stefna, markmið og aðgerðir

# Stefna, markmið og aðgerðir

## Helstu áherslupættir í stefnu Þróunarfélags Grundartanga snúast um eftirfarandi þætti:

- **Innviðir** Grundartangasvæðisins styðji við og laði að fjölbreytta atvinnustarfsemi með lágmarks umhverfisáhrif.
- **Umhverfismál** á Grundartanga séu í fremstu röð iðnaðarsvæða og þannig í takti við það besta sem gerist á heimsvísu.
- **Ímynd** Grundartangasvæðisins endurspeglist af metnaðarfullri og blómlegri atvinnustarfsemi þess.
- Grundartangasvæðið verði þekkt fyrir **nýsköpun og þróun** á þeim sviðum sem tengjast atvinnustarfsemi svæðisins.
- **Öryggismál** séu alltaf til fyrirmyndar á Grundartanga.
- Á athafnasvæði Grundartanga verði starfræktir **samstarfsklasar** fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga til að efla sérþekkingu og þróun á sérsviðum svæðisins.





# Innviðir

Grundartangasvæðið býr almennt yfir góðum tengingum s.s. vegna samgangna, rafmagns og fjarskipta. Vatnsveita er á svæðinu en ekki hitaveita.

## Stefna

Innviðir Grundartangasvæðisins styðji við og laði að fjölbreytta atvinnustarfsemi með lágmarks umhverfisáhrif.

## Markmið og aðgerðir

1. Ávalt séu tiltækar lóðir fyrir áhugaverða atvinnustarfsemi sem fellur að kröfum svæðisins.
  - Tilbúnar lóðir séu markaðssettar gagnvart ákveðinni starfsemi.
2. Komið verði upp öflugri hitaveitu á svæðinu.
  - Farið verði í vöruþróunaráttak með fyrirtækjum á svæðinu um nýtingu glatvarma til húshitunar.
  - Unnið verði með veitufyrirtækjum að uppbyggingu hitaveitu fyrir svæðið.
3. Úrbætur verði gerðar í vegasamgöngum til svæðisins s.s. með tvöföldun Vesturlandsvegur og gerð öruggra tenginga við atvinnusvæðið á Grundartanga
  - Unnið verði með sveitarfélögum, Vegagerðinni og stjórnvöldum að skipulagningu og framkvæmd.
4. Skógrækt verði aukin og lagðir göngustígar í tengslum við hana sem nýst geti bæði starfsmönnum og gestum.
  - Unnið í samstarfi sveitarfélagsins og fyrirtækjanna á svæðinu.
5. Upplýsinga- og þjónustumiðstöð verði byggð upp fyrir svæðið
  - Unnið verði að uppbyggingu miðstöðvarinnar í samstarfi fyrirtækja og sveitarfélagsins.



# Umhverfismál

Virk umhverfisvöktun er á atvinnusvæðinu á Grundartanga samkvæmt umhverfisvöktunaráætlun sem samþykkt er af Umhverfisstofnun.

## Stefna

Grundartangi sé í fremstu röð iðnaðarsvæða hvað varðar umhverfismál og þannig í takti við það besta sem gerist á heimsvísu.

## Markmið og aðgerðir

1. Umhverfismál Grundartangasvæðisins séu til fyrirmyndar.
  - Ný starfsemi sem hefur í för með sér veruleg og neikvæð umhverfisáhrif verði ekki staðsett á Grundartanga.
  - Ábyrgð á virkri umhverfisvöktun á öllu svæðinu verði í höndum óháðra aðila.
  - Reglulega verði gerðir útreikningar á kolefnisfótspori svæðisins auk aðgerða til að draga úr því.
  - Þróunarfélagið virki aðila á svæðinu til að bæta ásýnd þess m.a. með aukinni skógrækt og hönnun bygginga.
2. Fyrirtækin á svæðinu nýti auðlindir á ábyrgan hátt.
  - Stöðugt verði í gangi verkefni um fullnýtingu auðlindastrauma svæðisins (e. waste to value).
  - Leitað verði leiða til að minnka notkun neysluvatns til kælingar.
  - Þróðar verði leiðir til nýtingar glatvarma frá fyrirtækjum á svæðinu.
3. Unnið verði að því að draga úr ljós- og hávaðamengun frá svæðinu.
  - Komið verði á samstarfsverkefni fyrirtækja og nýsköpunaraðila um leiðir til að vinna að þessu markmiði.

# Ímyndarmál

Mikilvægt er að umræða um svæðið byggi á staðreyndum og verði sem minnst fyrir áhrifum af misjafnri umfjöllun um sambærilega starfsemi annars staðar. Einnig skiptir miklu máli að það jákvæða starf sem þegar fer fram á svæðinu komi fram og sé kynnt almenningi.

## Stefna

Ímynd Grundartangasvæðisins endurspeglar af metnaðarfullri og blómlegri atvinnustarfsemi þess.

## Markmið og aðgerðir

1. Þróunarfélag Grundartanga sé málsvari svæðisins og standi vörð um ímynd þess.
  - Félagið leitist við að koma reglulegri umfjöllun um svæðið til helstu miðla.
2. Tryggð verði upplýsingagjöf til sveitarfélaganna sem að svæðinu standa um málefni þess.
  - Reglulega verði haldnir upplýsingafundir um málefni svæðisins fyrir nefndir sveitarfélaganna og sveitarstjórnir.
  - Bein upplýsingagjöf fari fram á 6 mánaða fresti um afmarkaða þætti t.d. flutninga um Grundartangahöfn, fjölda skipa o.fl.
3. Unnið verði með hagsmunaaðilum og samtökum að upplýsingagjöf sem tengist málefnum og ímynd svæðisins.
  - Með góðu sambandi við fjölmiðla og aðra hagsmunaaðila verði reynt að tryggja upplýsingaflæði til almennings.
  - Komið verði upp rafrænu staðreyndayfirliti (e. fact sheet) um helstu atriði sem skipta máli s.s. fjölda fyrirtækja á svæðinu, tegund starfsemi, fjölda starfa, stærð lóða, nálægð við ákveðna þjónustu o.fl.
4. Svæðið hafi virkt samband við menntastofnanir til að auka samstarf þeirra við fyrirtæki.
  - Reglulegar kynningar verði teknar upp gagnvart menntastofnunum.
  - Samstarfsverkefni á háskólastigi verði kynnt opinberlega eftir því sem hægt er.

# Nýsköpun og þróunarverkefni

Umtalsvert nýsköpunarstarf fer í dag fram á Grundartanga innan þeirra fyrirtækja sem þar starfa auk samstarfsverkefna. Tækifæri eru til frekara samstarfs milli fyrirtækja á svæðinu og eins með innkomu nýrra frumkvöðla á þeim sviðum sem tengjast núverandi starfsemi á svæðinu.

## Stefna

Grundartangasvæðið verði þekkt fyrir nýsköpun og þróun á þeim sviðum sem tengjast atvinnustarfsemi svæðisins.

## Markmið og aðgerðir

1. Þróunarfélagið hvetji háskólaumhverfið til vinnslu rannsóknaverkefna á fjölbreyttum sviðum sem tengjast atvinnusvæðinu á Grundartanga.
  - Komið verði á samstarfi fyrirtækja á svæðinu og háskólanna um gerð meistara- og doktorsverkefna og önnur verkefni sem tengjast svæðinu.
  - Komið verði á fót aðstöðu fyrir samstarfsaðila sem vilja vinna rannsóknar- og þróunarstörf sem tengjast svæðinu.
2. Grundartangasvæðið laði að nýsköpunarfyrirtæki í sérhæfðum atvinnugreinum.
  - Skilgreind verði ákveðin svæði á Grundartanga fyrir nýsköpunarfyrirtæki.
  - Fyrirtækin á svæðinu í samstarfi við stofnanir á sviði nýsköpunar styðji við tækni- og sprotafyrirtæki sem eru á svæðinu eða tengjast starfseminni þar.
3. Grundartangi verði kynntur sem aflvaki nýsköpunar á helstu áherslusviðum tengdum atvinnustarfseminni.
  - Áhugi tæknifyrirtækja verði vakinn á svæðinu.
  - Almenn ímynd svæðisins tengist nýsköpun og þróun.
  - Aðilar á svæðinu verði hvattir til umsókna um rannsóknar- og þróunarstyrki hjá innlendum jafnt sem erlendum styrktarsjóðum.

# Öryggismál

Öryggismál á Grundartanga eru almennt í góðu horfi en þó eru tækifæri til umbóta.

## Stefna

Starfsemin á Grundartanga verði til fyrirmyndar í öryggismálum.

## Markmið og aðgerðir

1. Öryggismál verði samræmd á svæðinu.
  - Mótuð verði sameiginleg öryggisstefna fyrir Grundartangasvæðið í heild sinni.
2. Vinnuslys á svæðinu verði því sem næst engin ár hvert.
  - Unnið verði að fræðslu starfsmanna í öryggismálum hjá öllum fyrirtækjum á svæðinu.
3. Gestir sem koma á Grundartanga geti treyst því að öryggi þeirra sé tryggt.
  - Gestir séu fræddir um þær hættur sem leynst geta á svæðinu í kynningarefni.
  - Gestum sé útvegaður viðeigandi hlífðar- og öryggisbúnaður.
4. Verktakar sem vinna á svæðinu séu meðvitaðir um öryggisstefnu svæðisins.
  - Ekki sé samið við verktaka nema þeir uppfylli öryggiskröfur svæðisins og fylgi samþykktri öryggisstefnu.
5. Sjálfakandi ökutæki verði nýtt t.a.m. í vöruflutningum sem bæði auka öryggi en skapa líka tækifæri til áhugaverðrar tækniþróunar og samstarfs fyrirtækja og menntastofnana/rannsóknastofnana.
  - Hugað verði að nýtingu nýjustu tækni í tengslum við sjálfkeyrandi ökutæki og gert verði ráð fyrir þeim í skipulagi svæðisins þar sem það á við.
6. Unnið verði að því að aðskilja vöruflutninga og almenna umferð á svæðinu.
  - Þróunarfélagið vinni að þessu verkefni í samvinnu við fyrirtækin á svæðinu og Hvalfjarðarsveit.

# Klasasamstarf

Á Grundartangasvæðinu er fjöldi stórra og smárra fyrirtækja sem gætu unnið meira saman. Þannig væri með auknu samstarfi hægt að stórauka alla þróun og þekkingu innan svæðisins.

## Stefna

Á athafnasvæði Grundartanga verði starfræktir samstarfsklasur fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga til að efla sérþekkingu og þróun á sérsviðum svæðisins.

## Markmið og aðgerðir

1. Klasinn stuðli að uppbyggingu þekkingar á svæðinu.
  - Með samstarfi innlendra og erlendra aðila verði stuðlað að þekkingaryfirfærslu sem efli og styrki þróunarvinnu svæðisins.
2. Klasinn vinni að framþróun einstakra þróunarverkefna.
  - Unnið verði með tengingu háskóla- og rannsóknastofnana við fyrirtæki á svæðinu að þróunarverkefnum sem gagnast bæði fyrirtækjum svæðisins og samfélaginu s.s. með nýtingu glatvarma.
3. Klasinn stuðli að virku samtali fyrirtækja á svæðinu við hagaðila og stofnanir.
  - Klasinn stuðli að auknu trausti og tengslamyndun milli aðila sem styrki alla nýsköpun og framþróun aðila á Grundartangasvæðinu.
4. Klasinn vinni að umbótum á sviði umhverfismála með samstarfi fyrirtækja á svæðinu.
  - Leitað verði frekari leiða til þess að nýta aukaafurðir s.s. með nýtingu glatvarma, koltvísýrings og annarra afurða sem hægt væri að nýta betur en gert er í dag.


# Endurskoðunarákvæði

## Stefna í lifandi umhverfi

Stefnumótun Þróunarfélags Grundartanga þarf að vera síkvik og lifandi vegna breytinga sem verða í starfsumhverfi svæðisins.

Árangur stefnumótunar næst með eftirfylgni þeirra markmiða sem sett eru í stefnunni. Því er mikilvægt að endurskoða hana reglulega.

Stefna þessi gildir til ársins 2023 en reiknað er með að hún verði endurskoðuð a.m.k. annað hvert ár.



# Viðauki

## Fagleg stjórnun

Sævar Kristinsson, verkefnastjóri  
Stefán Þór Helgason, sérfræðingur  
Sveinbjörn Ingi Grímsson, sérfræðingur  
Benedikt K. Magnússon, sviðsstjóri

## Stýrihópur

Björgvin Helgason, oddviti Hvalfjarðarsveitar  
Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna  
Guðjón Steindórsson, framkv.stj. Þróunarfélags  
Grundartanga  
Ólafur Adolfsson, formaður bæjarráðs  
Akraneskaupstaðar

## Þátttakendur í stefnumótunarfundi

Árni Hjörleifsson	Skorradalshreppur
Björgvin Helgason	Hvalfjarðarsveit
Dagur B. Eggertsson	Reykjavíkurborg
Einar Friðgeir Björnsson	Norðurál
Einar Halldórsson	Umhverfisstofnun
Gestur Pétursson	Elkem á Íslandi
Gísli Gíslason	Faxaflóahafnir
Guðjón Jónasson	Hvalfjarðarsveit
Guðjón Steindórsson	Þróunarfélag Grundartanga
Guðmundur Eiríksson	Faxaflóahafnir

Gunnar Tryggvason	KPMG
Gunnlaugur A. Júlíusson	Borgarbyggð
Halldóra Hrólfsdóttir	Faxaflóahafnir
Helena Guttormsdóttir	LBHÍ
Helgi Laxdal	Faxaflóahafnir
Jón Þorvaldsson	Faxaflóahafnir
Kristín Soffía Jónsdóttir	Faxaflóahafnir
Ólafur Adolfsson	Akraneskaupstaður
Páll Brynjarsson	SSV
Ragnar Guðmundsson	Norðurál
Rakel Óskarsdóttir	Akraneskaupstaður
S. Björn Blöndal	Reykjavíkurborg
Skúli Þórðarson	Hvalfjarðarsveit
Stefán Ármannsson	Hvalfjarðarsveit
Stefán Gíslason	Environice
Sæmundur Sveinsson	LBHÍ
Sævar Freyr Þráinsson	Akraneskaupstaður
Þóra Birna Ásgeirsdóttir	Norðurál
Þórir Haraldsson	Lífland





[kpmg.com/socialmedia](https://kpmg.com/socialmedia)



[kpmg.com/app](https://kpmg.com/app)

© 2018 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og vörumerki KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.